

Nd.

467. Nefndarátt

um frumvarp til laga um sölu á prestsmötu.

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarp þetta, sem komið hefir fram á tveimur undanförunum þingum, en eigi orðið útrætt, hefir nú legið hjá allsherjarnefnd um hrið og verið allmikið rætt.

Tilgangur þessa frumvarps er sá :

1. Að tryggja það, að menn þeir, sem prestsmötur eiga að greiða, fái þær keyptar af sjer.

2. Að gera þeim þetta nokkuð auðveldara en verið hefir, með því að veita þeim nokkra ívilnun um gjaldið, auk greiðslufrests.

Að undanfögnu hafa menn að vísu átt kost á því, að fá keyptar prestsmötur, og eru allmargar prestsmötur þegar seldar.

Þó mun sala á prestsmötu hafa verið stöðvuð um tíma á árinu 1917.

Sala á prestsmötu hefir fram farið með þeim hætti, að meðalverð verðlagsskrár á smjöri síðustu 5 árin áður en kaup eru gerð í sýslu þeirri, er kaupbeiðandi á heima í, er lagt til grundvallar fyrir sölunni, og upphæðin greidd öll í einu lagi.

Þetta hafa þótt þungir kostir, og eigi tekist öðrum en þeim, sem allvel eru efnum búnir, að leysa jarðir sínar undan kvöð þessari á þennan hátt. Og því meiri óánægju hefir þetta valdið, að margir líta svo á, að sá upphaflegi grundvöllur, sem kvöð þessi var byggð á í öndverðu, hafi mjög breytst eða jafnvel horfið við rás viðburða síðari tíma.

Nefndin gat þó ekki öll orðið sammála um það að greiða svo götu manna til þess að ljetta af sjer þessari kvöð, sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Þeir tveir flutningsmenn frumvarpsins, sem sæti eiga í nefndinni, ljetu til samkomulags undan síga um aðalágreiningsatriðið, til þess að koma ekki glundroða á málið, sem ef til vill hefði orðið til að torvela framgang þess í þinginu.

Þetta atriði sem olli mestum skoðanamun í nefndinni, var það, að við aflausn prestsmötunnar skyldi ekki tekið tillit til smjörverðsins ófriðarárin.

Þetta ákvæði er auðvitað eitt höfuðatriði frumvarpsins, því að eins og kunnugt er, hefir smjör stigið langmest í verði þessi ár af öllum framleiðsluvörum landsins, og olli því feitmetisskortur í landinu, sem aftur stafaði af aðflutningsteppu á feitmeti, og ekki hvað sist tvö árin af óáran í landbúnaði (grasbresti og illri nýtingu á töðu) á allmiklum hluta landsins.

Það hefir þó orðið að samkomulagi í nefndinni að leggja til, að þetta ákvæði verði felt úr frumvarpinu.

En í þess stað leggur nefndin til, að tímabilið, sem verðlagsskrárverði á smjöri á að jafna niður á við söluna, sje fært upp í 12 ár. Bætir það nokkuð úr, þótt lítið sje, fyrir þeim, sem kaupa kynnu nú á næstu árum.

Þá leggur nefndin til, að bætt sje inn í frumvarpið nýrri grein, þar sem stjórninni er heimilað að veita ívilnun á prestsmötugjaldi þeirra jarða, sem spillast af náttúrunnar völdum, og miða ívilnunina við það, hve mikið kveður að skemduum. Það munu nokkur dæmi þess, að jarðir, sem prestsmötukvöð hvílir á, hafa skemst mjög af náttúrunnar völdum, og sumar nær eyðilagst, en prestur heimtað fulla greiðslu prestsmötunnar eigi að síður. Það sjá allir, hve sanngjarnt þetta er.

Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr.

a. Fyrir »10 ár« í annari málsgrein komi:
12 ár.

b. Orðin: »Þó skal ekki 1914« falli burt.

2. Við 4. gr.

Aftan við greinina komi ný grein, sem verður 5. gr., svo hljóðandi:

Nú sannar eigandi prestsmötujarðar, að hún hafi spilst verulega og til langframa af náttúrunnar völdum, og er þá ráðherra heimilt að veita þá ívilnun um prestsmötugjald, er svari til verðrýrnunar jarðarinnar.

Greinatalan breytist eftir því.

Alþingi, 22. ágúst 1919.

Einar Arnórsson,
formaður.

Magnús Guðmundsson,
skrifari.

Með fyrirvara um ýms atriði nefndarálitsins.

Með sama fyrirvara.

Pjetur Ottesen,
framsögum.

Porleifur Jónsson.

Einar Jónsson.